

Neyðarlínan ohf.
Ársreikningur
2019

Neyðarlínan ohf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 511095-2559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstremisfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Hlutafélagið Neyðarlínan ohf var stofnað í október 1995. Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmerins 112, almenn svörun neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörum. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfjarskiptaþjónustu fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkufyrirtæki og fleiri.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 26 millj. kr. á árinu 2019. Eigið fé nam 193 millj. kr. í árslok 2019 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 19,0 millj. kr.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2020, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í lok árs voru hluthafar tveir talsins og fækkaði um two á árinu, greinast hlutir eigenda í árslok þannig:

Ríkissjóður	15.485.000
Reykjavíkurborg	3.515.000
	<u>19.000.000</u>

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok 2019, rekstrararárangri og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu 2019, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri:

The image shows five handwritten signatures in blue ink, arranged vertically. From top to bottom, they are: 1) A signature that appears to be 'Ragnar Þórmóðsson'. 2) A signature that appears to be 'Bryndis Þorvaldsdóttir'. 3) A signature that appears to be 'Sigurður Ólafsson'. 4) A signature that appears to be 'Dagur Ólafsson'. 5) A signature that appears to be 'Guðrún Kristjánsdóttir'. 6) A signature that appears to be 'Ólafur Ólafsson'.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félagini í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til hennar upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 26. febrúar 2020.

Advant endurskoðun ehf.



Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur	1.348.047.562	1.305.600.155	
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	444.395.769	413.775.439
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		531.399.285	573.379.789
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		61.889.245	53.239.617
Rekstur húsnæðis		189.854.344	165.708.291
Rekstur varðstofu		86.323.526	81.412.826
Rekstur bifreiða		13.576.864	13.719.992
Afskriftir	5	8.783.306	10.136.005
		<u>1.336.222.338</u>	<u>1.311.371.959</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunat. og fjármagnsgj.		11.825.224	(5.771.804)
Vaxtatekjur		2.140.499	1.379.248
Vaxtagjöld	(3.417.285)	(6.570.046)
Gengismunur	(157.927)	102.070
Áhrif hlutdeildarfélags	7	15.728.004	19.729.615
		<u>14.293.291</u>	<u>14.640.887</u>
Hagnaður ársins	9	<u>26.118.515</u>	<u>8.869.083</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	28.987.782	28.086.788
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	7	216.307.513	200.579.509
		<u>Fastafjármunir</u>	<u>228.666.297</u>
Birgðir		16.472.514	30.700.172
Viðskiptakröfur		67.683.282	123.253.182
Aðrar skammtímakröfur		1.539.774	11.941.101
Virðisaukaskattur, inneign		6.459.333	783.664
Handbært fé		30.574.287	624.846
		<u>Veltufjármunir</u>	<u>167.302.965</u>
		Eignir samtals	<u>395.969.262</u>
		<u>368.024.485</u>	
Eigið fé			
Hlutafé		19.000.000	19.000.000
Lögbundinn varasjóður		1.039.051	0
Yfirverð hlutafjár		89.914.713	89.914.713
Hlutdeildarrekningur		57.737.284	42.009.280
Óráðstafað eigið fé		25.275.953	15.924.493
	Eigið fé	9	166.848.486
		<u>192.967.001</u>	
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		0	73.896.381
Viðskiptaskuldir		88.525.517	94.359.881
Skuldir við tengda aðila	10	35.124.117	17.379.102
Aðrar skammtímaskuldir		51.407.850	43.485.412
		<u>Skammtímaskuldir</u>	<u>229.120.776</u>
		Skuldir samtals	<u>229.120.776</u>
		<u>175.057.484</u>	
		Eigið fé og skuldir samtals	<u>395.969.262</u>
		<u>368.024.485</u>	

Sjóðstremisyfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	9	26.118.515	8.869.083
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjármisymi:			
Afskriftir	5	8.783.306	10.136.005
Söluhagnaður rekstarfjármuna	(951.000)	(108.333)
Áhrif hlutdeildarfélags	7	(15.728.004)	(19.729.615)
Veltufé frá (til) rekstrar		18.222.817	(832.860)
Vörubirgðir, breyting		14.227.658	30.245.683
Skammtímakröfur, breyting		60.295.558	(41.084.209)
Skammtímaskuldir, breyting		2.088.074	(1.091.582)
Handbært fé frá (til) rekstrar		94.834.107	(12.762.968)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	5	(13.278.300)	(7.858.107)
Seldir varanlegir rekstarfjármunir		4.545.000	650.000
Fjárfestingarhreyfingar	(8.733.300)	(7.208.107)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við lánaстofnanir, breyting		(73.896.381)	55.628.431
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		17.745.015	(36.475.537)
Fjármögnunarhreyfingar	(56.151.366)	19.152.894
Breyting á handbæru fé		29.949.441	(818.181)
Handbært fé í ársbyrjun		624.846	1.443.027
Handbært fé í árslok		30.574.287	624.846

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjálda í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisnýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og innréttningar	5 ár
Bifreiðar	5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á því verði sem svarar til hlutdeilda félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeilda í eigin fé þeirra við kaup.

e. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikninai.

f. Birgðir

Birgðir endursöluvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

g. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

2019 2018

Laun	339.807.414	320.505.357
Launatengd gjöld	104.588.355	93.270.082
Laun og launatengd gjöld samtals	444.395.769	413.775.439

Stöðugildi að meðaltali yfir árið	36	35
Laun framkvæmdastjóra	18.600.000	18.600.000
Laun stjórnar	7.560.000	7.890.000

Skýringar, frh.:

4. Skattamál

EKKI kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirfærðs ónotaðs skattalegs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok 2019 var 67 millj. kr. Ónotað skattalegt tap nýtast til frádráttar hagnaði næstu tíu ára eftir að tapið myndaðist. Ónotað skattalegt tap félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

Yfirfærnanlegt skattalegt tap 2012, nýtanlegt til ársins 2022	14.114.163
Yfirfærnanlegt skattalegt tap 2014, nýtanlegt til ársins 2024	3.561.670
Yfirfærnanlegt skattalegt tap 2015, nýtanlegt til ársins 2025	1.510.657
Yfirfærnanlegt skattalegt tap 2016, nýtanlegt til ársins 2026	18.371.008
Yfirfærnanlegt skattalegt tap 2017, nýtanlegt til ársins 2027	12.795.139
Yfirfærnanlegt skattalegt tap 2018, nýtanlegt til ársins 2028	16.342.578
	<u>66.695.215</u>

Tekjuskattsinneign er ekki færð í ársreikninginn en hún var um 13 millj. kr. í árslok 2019.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2019	9.754.359	64.194.109	73.948.468
Viðbót á árinu	876.009	12.402.291	13.278.300
Selt og niðurlagt á árinu	0	(5.990.000)	(5.990.000)
Stofnverð 31.12.2019	<u>10.630.368</u>	<u>70.606.400</u>	<u>81.236.768</u>
Afskrifað samtals 1.1.2019	7.316.831	38.544.849	45.861.680
Selt og niðurlagt á árinu	0	(2.396.000)	(2.396.000)
Afskrifað á árinu	504.624	8.278.682	8.783.306
Afskrifað samtals 31.12.2019	<u>7.821.455</u>	<u>44.427.531</u>	<u>52.248.986</u>
Bókfært verð 1.1.2019	2.437.528	25.649.260	28.086.788
Bókfært verð 31.12.2019	<u>2.808.913</u>	<u>26.178.869</u>	<u>28.987.782</u>

6. Vátryggingaverð

Vátryggingarverð áhalda, tækja og bifreiða nam 242 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 29 millj. kr.

7. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi greinast þannig:	Eignarhlutur	2019 hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Öryggisfjarskipti ehf.	25%	<u>15.728.004</u>	<u>216.307.513</u>

Skýringar, frh.:

8. Hlutafé

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 19,0 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félagini.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Lögbundinn	Yfirverð	Hlutdeildar-	Óráðstafað	
	Hlutafé	varasjóður	hlutafjár	eigið fé	Samtals
Eiqið fé 1.1.2019	19.000.000	0	89.914.713	42.009.280	15.924.493
Hagnaður ársins					26.118.515
Tillag í lögbundinn varasj. ...		1.039.051		(1.039.051)	0
Breyting hlutdeildarreikn				15.728.004	(15.728.004)
Eiqið fé 31.12.2019	19.000.000	1.039.051	89.914.713	57.737.284	25.275.952
					192.967.001

10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félagini, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Seld þjónusta	Leigu- greiðslur	Vextir gjaldfærðir	Skuld
Öryggisfjarskipti ehf. 2019	1.000.000	282.066.132	2.701.761	35.124.117
Öryggisfjarskipti ehf. 2018	0	254.416.583	6.146.044	17.379.102